



Borgarráð 7. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sölu Perlunnar MSS24110046

Fulltrúi Flokks fólksins leggur áherslu á nauðsyn þess að ýmis atriði verði skýrð er varða sölufæri Perlunnar að Varmahlíð 1. Sett voru nokkur skilyrði fyrir sölu eignarinnar. Meðal annars má nefna skilyrði um að Reykjavíkurborg hafi forkaupsrétt að eigninni. að húsnæði, bílastæði og lóð verði opið almenningi endurgjaldslaust eða gegn hóflegri gjaldtöku og að grunnskólabörn geti heimsótt safnið sem verður rekið í húsinu endurgjaldslaust tvisvar sinnum á skólagöngunni 1 til 10 bekk. Í þessu sambandi vakna eftirfarandi spurningar: a. Er mögulegt að verði farið að selja aðgang að útsýni yfir Reykjavíkurborg sem enn er til staðar utandyra við Perluna? b. Er það mögulegt að það verði tekin upp gjaldtaka á bílastæðum við Perluna? c.

Hvernig er hófleg gjaldtaka skilgreind í þessu sambandi? d. Mun Reykjavíkurborg hafa eitthvað að segja um fjárhæðir við slíka gjaldtöku, takist að selja Perluna? 4. Er tryggt að það verði rekið safn í húsnæði Perlunnar eftir að sölufæri er lokið, fari svo að því ljúki? 5. Takist ekki að selja perluna fyrir 3,5 milljarða, með áðurgreindum kvöðum, mun þá sölufæri verða frestað eða hætt eða verður verð fasteignarinnar lækkað í þeim tilgangi að bæta fjárhag borgarsjóðs?

Gert er ráð fyrir að 1.7 milljarða króna rekstrarafgangi á A hluta borgarinnar 2025. Þá sýnir útkomuspá rekstrarafgang upp á rúmlega hálfan milljarð króna á þessu ári. Hvernig er hægt að færa söluverð stórrar fasteignar í eigu borgarinnar sem rekstrartekjur? Flokkast það undir undir daglegan rekstur að selja stóra fasteign í eigu borgarinnar? Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort borgarstjóri sé að selja Perluna til að hægt sé að koma borgarsjóði réttu megin við núllið fyrir áramót? Hefur borgarstjóri staðfest að þar sé þó horft til þess að salan á Perlunni klárast á árinu? Telur borgarstjóri að það sé rekstrarávinningur að selja eign þegar það er í raun tilfærsla á efnahagsreikningi? Þessi sala verður ekki endurtekin því það er einungis til ein Perla. Þegar fasteignir af þessari stærðargráðu eru byggðar er kostnaður við fjárfestinguna ekki færður sem rekstrarútgjöld heldur sem fjárfestingarkostnaður sem er síðan eignfærður. Því á þá að færa söluandvirði slíkra fasteigna sem rekstrartekjur?

